

Mánudaginn 12. desember 1988.
Nr. 298/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Lúðvík Eiríkssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Tékkasvík. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1988 samkvæmt ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til þyngingar. Dómkröfur ákærvaldsins við munnlegan flutning málsins voru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu, refsíákvörðun og greiðslu sakarkostnaðar. Þá verði ákærði dæmdur til þess að greiða Víkurbæ, Hafnargötu 23, Keflavík, 2.500,00 krónur í skaðabætur með hæstu almennum innlánsvöxtum frá 25. ágúst 1984 til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt verði ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Við flutning málsins hefur verjandi ákærða krafist vægustu refsingar sem lög leyfa, að refsing verði skilorðsbundin og dæmd verði málsvarnarlaun.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómsins. Varðar atferli ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rekstur máls þessa hefur verið með miklum töfum, en samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, og með hliðsjón af 5. mgr. 82. gr. sömu laga er sök ákærða þó ekki fyrnd.

Refsing ákærða þykir hæfilega metin 2 mánaða fangelsi.

Þar sem mjög langt er síðan brot ákærða var framið og hann hefur ekki áður hlotið dóm, sem hafði í för með sér frelsissviptingu, þykir mega fresta fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu Víkurbæjar, Hafnargötu 23, Keflavík, var þann 25. janúar 1985 kært til sakadóms Keflavíkur vegna innistæðulauss tékka að fjárhæð 2.500,00 krónur. Af gögnum málsins verður ekki séð, að skaðabótarkafa þess vegna hafi ótvírætt verið borin undir ákærða og hann þannig haft tækifæri til að tjá sig um hana. Verður hún því ekki tekin hér til greina.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lúðvík Eiríksson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Krafa Víkurbæjar, Hafnargötu 23, Keflavík, er ekki tekin hér til greina.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 9. mars 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 9. mars, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Asgeiri Eiríkssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1523/86: Ákærvaldið gegn Lúðvík Eiríkssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 3. febrúar sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru dags. 28. ágúst 1986 á hendur „Lúðvík Eiríkssyni framkvæmdastjóra, Klapparstíg 8, Keflavík, fæddum á Djúpavogi 14. september 1962, fyrir tékkasvik með því að hafa, í ágúst og september 1984, notað í viðskiptum í Keflavík eftirgreinda 3 tékka, samtals kr. 89.500,00, sem hann gaf út á tékkareikning sinn nr.

10902 hjá Samvinnubankanum á Selfossi án þess að eiga innstæðu á reikningnum en tékkana gaf hann út til handhafa:

1) Tékki nr. 3369166, kr. 2.500,- dagsettur 25.08. 1984. Seldur í versluninni Víkurbae.

2) Tékki nr. 3369172, kr. 57.000,-, dagsettur 04.09. 1984. Seldur í Sparisjóði Keflavíkur.

3) Tékki nr. 3369171, kr. 30.000,-, dagsettur 28.08. 1984. Seldur í Sparisjóði Keflavíkur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

II.

Málavextir eru þeir að ákærði gaf út 3 tékka á ávísanareikning sinn nr. 10902 við Samvinnubankann á Selfossi. Tékkar þessir voru að upphæð kr. 2.500,00, dags. 25. ágúst 1984, seldur í versluninni Víkurbae, Keflavík, tékki að upphæð kr. 57.000,00, dags. 4. september 1984, seldur í Sparisjóði Keflavíkur, tékki kr. 30.000,00, dags. 28. ágúst 1984, seldur í Sparisjóði Keflavíkur. Ákærði hefur viðurkennt fyrir rannsóknarlögreglu og í saka-dómi Kópavogs að vera útgefandi áðurnefndra tékka og játaði hann að innistæða hafi ekki verið fyrir hendi á umræddum reikningi er tékkaútgáfan fór fram. Ákærði kveðst hafa haft fleiri tékkareikninga á þessum tíma og lagt innistæðulausar ávísanir af einum reikningi á annan til að komast hjá lokun hvers reiknings. Á þessum tíma hafi hann verið í greiðsluþroti, því hafi farið sem fór.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru, og varðar hún við 248. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Í máli þessu hefur komið fram bótakrafa frá Sparisjóðnum í Keflavík vegna framangreindra tékka, samtals kr. 89.500,00, auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð frá innlausnardegi tékkanna til greiðsludags. Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt kröfu þessa, en kveðst ekki sjá fram á að geta greitt kröfunna.

III.

Samkvæmt sakavottorði dags. 11. desember sl. hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

„1982 15/2 í Árnessýslu: Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., 49. og 50. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. og 244. gr. Sviptur ökuleyfi 6 mán. frá 15.02. 1982.

1982 8/2 í Árnessýslu: Sátt: 1.500,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

- 1982 24/9 í Árnessýslu: Dómur: 7.500,00 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 07.09. 1982.
- 1983 24/8 í Reykjavík: Áv. og fíkn. Sátt: 5.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. 1. nr. 65, 1974, sbr. 1. 60, 1980 og 9. gr. 1. 75, 1982, sbr. 2. og 10. gr. rg. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl.
- 1983 24/8 í Árnessýslu: Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1984 16/8 í Reykjavík: Áv. og fíkn. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. 1. 65, 1974, sbr. 1. 60, 1980, sbr. 9. gr. 1. 75, 1982 og 2. sbr. 10. gr. rg. 390, 1974.
- 1985 10/9 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
1987. 25/5 í Reykjavík: Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 113. gr. hgl.“

IV.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sparisjóðnum í Keflavík kr. 89.500,00 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 2.500,00 frá 25. ágúst 1984, af kr. 57.000,00 frá 4. september 1984, af kr. 30.000,00 frá 28. ágúst 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Ákæra í máli þessu er útgefin 28. ágúst 1986, en hún barst ekki sakadómi Keflavíkur fyrr en 15. desember 1987.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lúðvík Eiríksson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Sparisjóðnum í Keflavík kr. 89.500,00 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 2.500,00 frá 25. ágúst 1984, af kr. 57.000,00 frá 4. september 1984, af kr. 30.000,00 frá 28. ágúst 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.